

Starfsleyfisskilyrði fyrir Skipasmíðastöð Njarðvíkur hf., Sjávargötu 6-12 í Reykjanesbæ

1. Gildissvið

- 1.1. Starfsleyfisskilyrðin gilda fyrir smíði og viðgerðir á skipum og bátum í landi.
- 1.2. Skilyrðin eru viðbót við meðfylgjandi almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi.
- 1.3. Starfsleyfið og skilyrðin skal endurskoða á fjögurra ára fresti. Heimilt er að endurskoða starfsleyfisskilyrðin fyrr ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða skaðleg áhrif á umhverfi sem ekki voru ljós fyrir. Sama gildir ef fram koma almennar kröfur eða ný tækni er leiðir til bættra mengunarvarna.

2. Athafnasvæði og mengunarvarnir

- 2.1. Athafnasvæði dráttarbrauta skal vera með vökvaheldu undirlagi.
- 2.2. Þar sem unnið er með olíu skal olíumengað fráveitu- og regnvatn leitt um olúskilju.
- 2.3. Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu. Rekstraraðili skal fara að niðurstöðum bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarvarnir og nýta orku vel. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færir á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal halda neikvæðum heildaráhrifum á umhverfið í lágmarki (samþættar mengunarvarnir).
- 2.4. Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olíubirgðum, olíuúrgangi og hættulegum efnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn. Fylgja skal ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Á öllu athafnasvæði stöðvarinnar skal gæta fyllsta hreinlætis í samræmi við kröfur eftirlitsaðila.

3. Meðferð úrgangs og spilliefna

- 3.1. Flokka skal járn og timbur sérstaklega og skila því á viðurkennda móttökustaði. Tómar málningardósir og olíutunnur eru þar með taldar.
- 3.2. Draga skal skipulega úr myndun úrgangs. Ef endurnotkunar- og endurnýtingarmöguleikar eru fyrir hendi skal koma úrgangi í slíka vinnslu ef kostur er.
- 3.3. Fyrirtækið skal eftir mætti draga úr myndun spilliefna. Spilliefni sem falla til við starfsemina eru m.a. úrgangsmálning, lakk, þynnur, herðar, olíuúrgangur, smuroflúr, kæliolflúr, glussi og olíuhreinsiefni. Spilliefnum skal haldið aðskildum eftir tegundum eftir því sem við á.
- 3.4. Málningarflögum, sem falla til við hreinsun skipa, skal safna saman og skilað inn til aðila sem leyfi hafa til móttöku eða flutnings viðkomandi úrgangs. Geyma skal úrgangsefnin á þann hátt að ekki sé hætt á að þau berist út í umhverfið.

4. Hávaðamengun

4.1. Skylt er að haga starfsemi þannig að sem mest dragi úr hávaða og koma í veg fyrir óþægindi af völdum hávaða frá starfsemi. Komi í ljós vandkvæði vegna hávaða ber fyrirtækinu að draga úr honum s.s. með að skerma af eða takmarka viðkomandi þátt starfseminnar og/eða vinna á þeim tíma dags sem minnst ónæði hlýst af.

5. Mengunaróhöpp

5.1. Rekstraraðili skal vera með viðbragðsáætlun sem unnin er á grundvelli áhættumats sem að lágmarki felur í sér skilyrði í viðauka I.B í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Endurskoða skal viðbragðsáætlunina a.m.k. á fjögurra ára fresti. Áætlunin skal vera tiltæk starfsmönnum á vinnustað og aðgengileg eftirlitsaðila.

5.2. Þar sem fljótandi hættuleg efni og spilliefni geta lekið niður skal undirlag vera vökvahelt og búnaður til að loka niðurföllum. Þá skal vera tiltækt ílát og ísogshámar til að taka við innihaldi stærstu umbúða ef leki kemur að þeim. Þar sem hætta er á að olía berist í sjó skal olíuflotgirðing vera tiltæk. Einnig skulu vera tiltækar fullnægjandi persónuhlífar fyrir starfsfólk til að takast á við slys og óhöpp eftir því sem við á.

5.3. Leki mengunarefni í sjó eða fráveitulagnir ber tafarlaust að stöðva lekann og tilkynna óhappið til hafnarstjóra.

5.4. Ef hættuleg efni eða spilliefni berast í jarðveg við óhapp, skal tafarlaust stöðva lekann og tilkynna óhappið til heilbrigðiseftirlitsins og slökkviliðsins ef hreinsunar er þörf.

6. Geymsla og notkun hættulegra efna

6.1. Óheimilt er að nota málningu sem inniheldur lífræn tinsambönd, kvikasilfursambönd eða arsensambönd á báta, skipskrokka, búr, flotbúnað, net eða önnur tæki.

6.2. Í málningargeymslu skulu niðurföll þéttlokuð svo málning berist ekki í fráveitu.

6.3. Ef hættuleg efni, þ.m.t. gashylki, eru geymd utandyra skulu þau geymd í læstum hirslum eða á afgirtum stöðum þannig að óviðkomandi aðilar eigi ekki greiða leið að efnunum.

6.4. Olíutunnur og geymar skulu standa í lekabyttu eða á vökvaheldu plani með árekstrarvörn.

7. Starfsemi hætt

7.1. Flytji starfsemin eða leggist niður skal fyrirtækið hreinsa lóðina. Hreinsunin skal fara fram í samráði við heilbrigðiseftirlitið. Leggja skal fram hreinsunaráætlun einum mánuði áður en starfsemi leggst af.

7.2. Öllum úrgangi skal komið til móttökustöðva. Allar málningarleifar skulu hreinsaðar

af yfirborði jarðvegs og spilliefnum komið í spilliefnamóttöku.

7.3. Hreinsun telst ekki lokið fyrr en sameiginleg úttekt Heilbrigðiseftirlitsins Suðurnesja og Reykjaneshafnar hefur farið fram.